



858. fundur stjórnar GSÍ, 20. janúar 2015, kl.17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Rósa Jónsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Bergþóra Sigmundsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson, Theódór Kristjánsson, Gylfi Kristinsson og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Fundargerðir

Lagðar fram fundargerðir frá 5. nóvember 2014 og 9. desember 2014 og þær samþykktar og undirritaðar.

2. Starfsáætlun 2015

Samþykkt að boða til golfþings með hefðbundnum hætti, þriðja laugardag í nóvember, þ.e. 21. þess mánaðar. Það fært inn á starfsáætlun stjórnar og framkvæmdastjóra falið að kynna þá dagsetningu til stjórna golfklúbba með hæfilegum fyrirvara.

3. Útgáfumál sambandsins

Lagt fram minnisblað útgáfunefndar. Þar leggur útgáfunefnd til við stjórn að gerðar verði breytingar á tímaritaútgáfu sambandsins og reynt verði að tengja útgáfuna betur við rafræna útgáfu sambandsins. Megin tilgangur þessara breytinga er að ná fram meiri samlegðaráhrifum í útgáfumálum og efla þannig útbreiðslu- og kynningarstarf sambandsins.

Útgáfunefndin leggur til að útgáfa blaðsins verði alfarið unnin á skrifstofu sambandsins og að ráðinn verði ritstjóri sem hafi aðsetur á skrifstofu GSÍ. Viðkomandi starfsmaður hafi jafnframt yfirumsjón með fréttamiðlun á golf.is og annarri útgáfustarfsemi sambandsins. Þá verði skoðaðir nýir möguleikar í útgáfumálum s.s. rafræn fréttabréf, dreifing á prentuðu efni með dagblöðum eða með almennum póstdreifingarleiðum.

Framkvæmdastjóra var falið að auglýsa starf ritstjóra/útgáfustjóra og undirbúa ráðningu í samráði við útgáfunefnd.

4. Verkefni afrekssviðs

Farið yfir helstu verkefni á sviði afreksmála. Búið er að velja og tilkynna hvaða kylfingar eru í afrekshóp GSÍ og þá hafa 15 kylfingar verið valdir í framtíðarhóp sambandsins. Haldnar voru æfingabúðir í desember og hópurinn fór í mælingar hjá Gauta Grétarssyni sjúkraþjálfara. Þá var Viðar Halldórsson íþróttafélagsfræðingur með fyrirlestur fyrir þá kylfinga sem eru í afreks- og framtíðarhópi sambandsins um hugarþjálfun.

Afreaksnefnd hefur fengið þá Gauta Grétarsson sjúkraþjálfara, Pétur Jónsson sjúkraþjálfara, Berg Konráðsson kírópraktor, Jóhann Inga Gunnarsson sálfræðing, Viðar Halldórsson íþróttafélagsfræðingur og Steinar B. Aðalbjörnsson næringarfræðingur til að mynda fagteymi GSÍ og vera afreaksnefnd og landsliðsþjálfara til ráðgjafar.

Næstu verkefni kylfinga í afrekshópi GSÍ eru æfingabúðir í byrjun febrúar og þátttaka í Opna Portúgal mótinu um miðjan febrúar.



5. Mál fyrir dómstólum GSÍ

Dómstóll GSÍ hefur nú til meðferðar kæru Gunnars Jónssonar á úrskurði aganefndar frá 11. nóvember s.l. en í kærinni fer hann fram á að áminning aganefndar verði ómerkt og til vara að hann verði sýknaður af kröfum varnaraðili (kæranda í máli fyrir aganefnd). Björgvin Þorsteinsson hrl. fer með málið f.h. Gunnars. Mótsstjórn í sveitakeppni drengja, sem er varnaraðili í málinu, hefur fengið Jón Steinar Gunnlaugsson lögfræðing til að taka saman greinargerð fyrir hönd mótsstjórnar og var hún lögð fyrir dómstólinn. Niðurstöðu dómstólsins er að vænta á næstu dögum eða vikum.

6. Úrskurður áhugamenskunefndar

Áhugamenskunefnd hefur tekið fyrir kæru Gunnlaugs Elsusonar og Ástráðs Þ. Sigurðssonar gegn Steinunni Sæmundsdóttur. Í málinu var þess krafist að Steinunn yrði svipt áhugamenskuréttindum sínum vegna brota á reglum um áhugamenskuréttindi. Niðurstaða áhugamenskunefndar, eftir endurupptöku málsins, var að kærða hefði brotið gegn reglu 5-1 og hefur nefndin því svipt Steinunni áhugamenskuréttindum sínum. Upplýst var á fundinum að Steinunn hefði kært þá niðurstöðu til dómstóls GSÍ.

7. Sjónvarpsmál og samstarfsaðilar

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að viðræður hafi verið við Eimskipafélag Íslands um áframhaldandi samstarf og að samið hafi verið um samtarf til næstu þriggja ára. Þá standa yfir viðræður við RÚV um áframhaldandi samstarf um golfþætti og beina útsendingu frá Íslandsmótinu í golfi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:00.